

Nd.

**80. Frumvarp til laga**

[61. mál]

um breyting á lögum nr. 66 1945, um útsvör.

Flm.: Björn Ólafsson, Jón Pálmason, Sigurður Ágústsson.

1. gr.

Við 4. gr. laganna bætist:

Draga skal frá hreinum tekjum gjaldþegns, áður en útsvar er á lagt, veltuútsvar og eignarútsvar, sem greitt hefur verið á árinu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**Greinargerð.**

Millipinganefnd í skattamálum var starfandi árin 1953—1956. Nefndin skilaði tillögum, er teknar voru í lög árið 1954, um breytingar á I. kafla skattalaganna, er varðaði persónulega skattgreiðendur. Nefndin vann einnig að tillögum um breytingu á kaflanum, er varðaði skattgreiðslu félaga, en samkomulag náðist ekki milli stjórnarflokkanna um þær breytingar, og lauk svo síðasta þingi, að engar tillögur voru lagðar fram.

En þrátt fyrir það, þótt ekkert samkomulag næðist um breytingar á félaga-kafla laganna, voru menn yfirleitt sammála um, að mikil nauðsyn væri á endurskoðun þessa kafla.

Skattstigi félaga, eins og hann er nú, var settur með lögum nr. 6 1935 og hefur verið óbreyttur síðan, eða um 20 ár. Á þessu tímabili hefur stórkostleg röskun orðið á peningagildi í landinu. Er talið, að frá 1939 hafi verðlag innanlands yfirleitt tugfaldast og gildi krónunnar rýrnað í hlutfalli við hækkun verðlagsins.

Strax í byrjun stríðsins var persónulegum skattgreiðendum bætt upp verðrýrnun krónunnar með því að reikna niður skattstigann í réttu hlutfalli við hækkun vísitölunnar á hverju ári. En félögin fengu enga leiðréttingu á sínum skattstiga, þótt hann væri í öndverðu hinn sami og skattstigi persónulegra gjaldenda.

Þessu til skýringar má benda á, að skattgreiðandi (félag), sem hafði fyrir stríð 10000 kr. nettótekjur, þurfti að greiða í tekjuskatt af þeim 550 kr. Nú eru þær tekjur taldar samsvara 80 til 100 þús. kr. tekjum. Af 100 þús. kr. tekjum er tekjuskattur nú 18950 kr. eða meira en þrefaldur á móts við það, sem hann var fyrir stríð. Auk þess er nú stríðsgróðaskattur, sem staðið hefur síðan 1942, 3850 kr. af 100 þús. kr., sem fer svo stighækkandi, þangað til stríðsgróðaskattur og tekjuskattur eru orðnir 90% af tekjum, sem eru yfir 200 þús. kr.

200 þús. kr. samsvara nú 20 þús. kr. fyrir stríð. Er augljóst, að gildandi skattstigi heimilar nú raunverulega ekki hærri tekjur. Það, sem fram yfir er, fer 90% í ríkisskatta.

Eins og nú er skattstigi félaga hér á landi, er allur stærri rekstur dauðadæmdur. Félögin geta ekki safnað neinum sjóðum til að tryggja eða auka rekstur sinn. Varasjóðir flestra félaga standa í stað árum saman. Hjá sumum ganga skattgreiðslurnar á höfuðstólinn.

Slík skattheimta hefnir sín, þegar til lengdar lætur. Atvinnurekendur berjast í bökkum og standa í sífelldu hraki með rekstrarfé. Þeir geta því ekki eins og skyldi sinnt því hlutverki, sem þjóðfélagið ætlar þeim, að halda uppi stöðugri atvinnu, hverjum á sínu sviði.

En þó að ríkisskattarnir hvíli á félögunum með óeðlilegum þunga, eru þau samt ekki eins hart leikin af neinum opinberum gjöldum og veltuútsvari bæjar- og sveitarfélaga. Veltuútsvarið er nú lagt á félög og einstaklinga, sem einhverja fjárveltu hafa, og er það lagt á eftir fjárhæð og tegund veltunnar án tillits til nettótekna gjaldandans.

Það má segja, að sveitarfélögunum sé nokkur vorkunn að hafa farið inn á þessa braut, enda hafa flest þeirra lagt inn á hana af neyðarástæðum. Ríkisvaldið hefur á undanförunum árum hlaðið ýmiss konar útgjöldum á bæjarfélögin án þess að spyrja um þol þeirra til að standa undir gjöldunum. Kvörtunum þeirra og tilögum hefur ekki verið sinnt. Þau hafa því orðið að grípa til slíkra örþrifaráða sem veltuútsvarsins til þess að sjá sér borgið.

Við nánari athugun á veltuútsvörunum kemur í ljós, að þau hirða ekki aðeins bróðurpartinn af tekjum félaganna, heldur fara þau í mörgum tilfellum svo út í öfgar, að þau nema meiru en allar nettótekjur og ofbjóða gersamlega gjaldþoli skattgreiðanda.

Eins og við er að búast, koma veltuútsvörin mjög misjafnlega niður á gjaldendur. Þeir, sem hafa mikla veltu og eru sanngjarnir í kröfum sínum um hagnaðarhluta af veltunni, verða verst úti. Það þekkist, að félagi, sem talið er hafa 337 þús. kr. nettótekjur, er gert að greiða 676 þús. kr. í veltuútsvar. Félag, sem hefur 73 þús. kr. nettótekjur, verður að greiða 85 þús. kr. veltuútsvar. Og félag, sem hefur 135 þús. kr. tekjur, þarf að greiða 248 þús. kr. veltuútsvar. Til viðbótar veltuútsvarinu verða þessir skattgreiðendur að sjálfsögðu að greiða hið venjulega útsvar og skatta til ríkissjóðs.

Slík skattheimta getur ekki haldizt til frambúðar, og sveitarfélögin hljóta að gera sér ljóst, áður en það er orðið um seinan, að með þessu er verið að sviða þá jörð, sem uppskeruna á að gefa. Það er því ekki síður í þeirra þágu en skattþegnanna, að horfið sé frá þessari óviturlegu og ranglátu skattheimtu, áður en varanlegt tjón hefur hlotizt af.

Flm. þessa frv. gerðu sér ljóst, að ýtarleg endurskoðun á félagakafla skattlaganna mundi varla ná samþykki á þessu þingi. Þess vegna hafa þeir talið rétt að bera aðeins fram breytingu til að leiðrétta að nokkru leyti þá skattlagningu, sem nú er að verða óbærileg fyrir félög og einstaklinga, veltuútsvarið.

Er aðeins lagt til, að það verði dregið frá nettótekjum gjaldenda, áður en skattar og útsvar er á lagt. Þetta er gert til þess að létta gjaldendum byrðina, þangað til sú sjálfsagða endurskoðun fer fram á skattalögunum, sem mikill fjöldi skattgreiðenda í landinu hefur beðið eftir í mörg ár og á siðferðislega heimtingu á að fá.

Flm. er ljóst, að þessi breyting mundi fyrst í stað valda nokkurri tekjuskerðingu hjá sveitarfélögunum. En þessi vandi verður ekki leystur með því að láta ranglætið halda áfram. Alþingi ber skylda til að hlaupa hér undir bagga, svo að bæjarfélögin geti í framtíðinni byggt tekjuöflun sína á réttlátari og öruggari grundvelli en nú er gert. Ríkisvaldið getur ekki lengur látið undir höfuð leggjast að afhenda bæjar- og sveitarfélögum sanngjarnan hluta af söluskattinum, sem telja verður eðlilegan skattstofn þeirra.